

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar nr. 381/1999, með síðari breytingum.

51. gr. samþykktarinnar orðast svo:

- A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum og hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á því sviði. Jafnframt fari atvinnumálanefnd með framkvæmd fjallskilamála í umboði sveitarstjórnar, sbr. 3. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar, nr. 235/1996, og málefni sem snerta búfjárhald, forðagæslu o.fl. skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl.
 2. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og annast nefndin m.a. málefni heimþjónustu, framfærslumál og áfengisvarnir. Félagsmálanefnd fer jafnframt með stjórn og samræmingu húsnæðismála sveitarfélagsins, sbr. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, og jafnréttismál, sbr. 10. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
 3. *Íþrótt- og tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í íþrótt- og tómstundamálum og hefur frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á þeim vettvangi. Henni ber að hafa eftirlit með íþróttamannvirkjum þar sem það á við og hún á samstarf við aðrar nefndir, svo sem skólanefnd, um þau viðfangsefni sem sameiginleg geta talist.
 4. *Launanefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis í launa- og kjaramálum og vinnur að gerð kjarasamninga fyrir sveitarfélagið hafi umboð til kjarasamninga ekki verið falið öðrum, svo sem sameiginlegri launanefnd sveitarfélaga.
 5. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hefur frumkvæði að tillögugerð á þeim vettvangi. Menningarmálanefnd fer auk þess með bókasafnmál, sbr. 7. gr. laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn, lög nr. 66/1995 um grunnskóla og samning um bókasafn Eyjafjarðarsveitar, dags. 2. febrúar 1999.
 6. *Skipulagsnefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 7. *Skóðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 8. *Skólanefnd.* Skólanefnd fari bæði með málefni leikskólans og grunnskólans og sitji í henni fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis í mál-efnum skólanna, sbr. 12. og 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla, sbr. einnig erindisbréf fyrir skólanefnd Eyjafjarðarsveitar.
 9. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 10. *Umferðarnefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
 11. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í umhverfismálum og skal hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar

á sviði umhverfismála í samræmi við samþykktu umhverfisstefnu eins og hún er á hverjum tíma.

12. *Stjórn félagsheimilanna*. Stjórn félagsheimila Eyjafjarðarsveitar skal skipuð fimm fulltrúum sem þannig eru valdir:
 - a. Sveitarstjórn skipar einn fulltrúa án tilnefningar og annan að fenginni tilnefningu menningarmálanefndar.
 - b. Aðrir eigendur hvers húss tilnefna sameiginlega einn fulltrúa fyrir hvert hús til að taka sæti í stjórninni.
 - c. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti og segir í a- og b-lið.
- B. **Nefnda- og fulltrúaskipan samkvæmt sérstökum samningum á vettvangi héraðsnefndar, Eyþings eða við einstök sveitarfélög.**
 1. *Aðalfundur Eyþings*. Tveir aðalfulltrúar og jafnmargir til vara.
 2. *Almannavarnarnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. lög nr. 94/1962 um almannavarnir og samning sveitarfélaga í lögsagnarumdæmi sýslumannsins á Akureyri frá 22. mars 1996.
 3. *Barnaverndarnefnd*. Eyjafjarðarsveit á aðild að sameiginlegri barnaverndarnefnd átta sveitarfélaga við Eyjafjörð, sbr. samning frá 24. nóvember 1999, sbr. heimild í 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Aðildarsveitarfélög þessa samnings, önnur en Akureyrarkaupstaður, kjósa einn fulltrúa í nefndina og varamann á fyrsta fundi (vorfundi) héraðsnefndar Eyjafjarðar sem haldinn er að afloknum sveitarstjórnakosningum.
 4. *Héraðsnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 45/1998, samning um héraðsnefnd frá 1. ágúst 1990 og samþykkt um héraðsnefnd frá 9. desember 1998.
 5. *Skólanefnd Tónlistarskóla Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samning frá árinu 1988.
 6. *Svæðisbyggingarnefnd*. Einn aðalfulltrúi og einn til vara, sbr. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og tölul. 1.2 í samningi sveitarfélaga við Eyjafjörð, dags. 12. desember 2001.
 7. *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs*. Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Þar af tilnefnir Akureyrarkaupstaður þrjá fulltrúa og einn til vara og önnur aðildarsveitarfélög tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa og einn til vara. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár og fer skipan hennar fram á aðalfundi, sbr. stofnsamning frá 15. október 1998, með síðari breytingum.
 8. *Byggingarnefnd Menntaskólans á Akureyri*. Einn fulltrúi sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyri innan héraðsnefndar, sbr. 37. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.
 9. *Byggingarnefnd Verkmenntaskólans á Akureyri*. Einn fulltrúi sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyri innan héraðsnefndar, sbr. 37. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.
 10. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra*. Heilbrigðisnefnd skal skipuð til fjögurra ára á aðalfundi Eyþings að afloknum sveitarstjórnakosningum, sbr. 2. gr. samstarfssamnings sveitarfélaga á Norðurlandi eystra um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits, sbr. samþykkt frá aðalfundi Eyþings 4. september 1998, sbr. einnig lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar, aðrar en bæjarstjórn Akureyrar, tilnefna einn aðalmann og einn varamann í heilbrigðisnefnd.
 11. *Minjasafnið á Akureyri*. Samkvæmt 7. gr. stofnskrár um Minjasafnið á Akureyri frá 9. desember 1998 skulu sveitarfélög í héraðsnefnd Eyjafjarðar, önnur en Akureyri, skipa

- sameiginlega tvo fulltrúa í stjórn safnsins og jafnmarga til vara. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár og er hið sama og sveitarstjórna.
12. *Náttúruverndarnefnd*. Sveitarfélög á svæði héraðsnefndarinnar skulu kjósa fimm fulltrúa í náttúruverndarnefnd, sbr. 11. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
 13. *Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar*. Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar skal skipuð sjö mönnum til eins árs í senn. Sveitarfélög í Eyjafirði, sbr. 4. gr. skipulagsskrár Símenntunarmiðstöðvarinnar frá 29. mars 2000, tilnefna tvo fulltrúa, þar af Akureyrarkaupstaður annan en hin sveitarfélögin tilnefna sameiginlega hinn fulltrúann. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.
 14. *Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri*. Einn aðalmaður og einn til vara sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyri innan héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, með síðari breytingum.
 15. *Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri*. Einn aðalmaður og einn til vara sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyri innan héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, með síðari breytingum.
 16. *Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.* Stjórn byggðasamlagsins er skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, sbr. 9. gr. stofnsamnings frá 9. desember 1998. Skal stjórnin kosin af héraðsnefnd Eyjafjarðar og skal kjörtímabil hennar vera hið sama og héraðsnefndar, þ.e. fjögur ár.
 17. *Veganefnd*. Sveitarfélög sem aðild eiga að héraðsnefndinni, önnur en Akureyri, kjósa fimm aðalmenn, sbr. samþykkt héraðsnefndar frá 13. júlí 1994 og 5. gr. vegalaga nr. 45/1994, með síðari breytingum.
 18. *Þjónustuhópur aldraðra*. Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmum skulu skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra, þar af tvo án tilnefningar, sbr. 7. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, sbr. einnig 2. gr. reglugerðar nr. 791/2001 um þjónustuhóp aldraðra og vistunarmat aldraðra (Akureyrarkaupstaður hefur skipað einn og önnur sveitarfélög í heilsugæsluumdæminu einn sameiginlega).

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.